

Sb.

648. Tillaga til þingsályktunar

[245. mál]

um athugun á byggingarkostnaði íbúðarhúsnæðis.

Flm.: Stefán Valgeirsson, Ingvar Gíslason, Bjarni Guðbjörnsson.

Alþingi ályktar að kjósa sjö manna nefnd til þess að gera athugun á byggingarkostnaði íbúðarhúsnæðis í landinu og upplýsa, hvaða aðilar hafa náð bezta árangri hvað verð og gæði snertir. Nefndin leggi fram skýrslu um niðurstöður sínar á næsta þingi. Kostnaður við störf nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Á því leikur enginn vafi, að hraðvaxandi byggingarkostnaður hefur átt drjúgan þátt í því, hvað dýrtíðin hefur aukizt hröðum skrefum á liðnum árum. Með það í huga er ekki seinna vænna að taka það til gaumgæfilegrar athugunar, á hvern hátt er hægt að hamla á móti þessum mikla byggingarkostnaði. Virðist einsýnt, að þeir, sem byggja ódýrast miðað við gæði, eigi að sitja fyrir lóðum og fjármagni, enda er það eina sýnilega leiðin til að lækka íbúðakostnaðinn.

Þegar Breiðholtsáætlunin var gerð á sínum tíma, var að því stefnt, að sagt var, að lækka byggingarkostnaðinn með fjöldaframleiðslu íbúðarhúsnæðis. Nú er það almenn skoðun, ekki síst meðal iðnaðarmanna, að Breiðholtsbyggingarnar hafi orðið enn dýrari en íbúðir byggðar af einstaklingum á sama tíma, og þó séu þessar Breiðholtsíbúðir meira og minna gallaðar, að sagt er.

Það er enn fremur talið, að ýmis byggingarsamvinnufélög hafi byggt fullkomlega sambærilegar íbúðir við Breiðholtsbyggingarnar fyrir allt að 33% minna verð, t. d. byggingarsamvinnufélag vélstjóra, sem hóf byggingu 12 íbúða í september s. l. að Leirubakka 18 og 20, og eru þessar íbúðir nú fokheldar. Byggingarkostnaður þessara íbúða fokheldra, miðað við 3 herbergja íbúðir, 80 m², auk geymslu í kjallara, er um 256 þúsund krónur.

Þrátt fyrir skýr fyrirmæli í lögum um Húsnæðismálastofnun ríkisins um, að stofnunin eigi að vinna að umbótum í byggingarmálum og lækkun á byggingarkostnaði, þá hefur þessum málum ekki verið sinnt sem skyldi enn sem komið er.

Það ætti að vera öllum aðilum áhugamál, að það sé kannað, hvað sannast er í þessum málum, og að staðið sé að byggingu íbúðarhúsnæðis á þann hátt, að sem mest fáiist fyrir það takmarkaða fé, sem þjóðin hefur efni á að setja í það á ári hverju. Þess vegna er þessi þingsályktunartillaga fram borin.